

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 14. TBL.

27. NÓVEMBER 2009

## Skemmtun í Hraunvallaskóla í lok þemaviku

Í morgun var haldin sýning í Hraunvallaskóla. Til efnið var lok þemaviku sem staðið hefur yfir í skólanum. Allir nemendur, bæði í leik- og runnskóla tóku þátt. Nemendur unnu með árstíðirnar vetur, sumar, vor og haust á ýmsa vegu. Af rakstur þeirrar vinnu var sýndur á göngum skólans þar sem gestir og gangandi gátu komið og litið á vinnu nemenda eftir vikuna. Sömuleiðis voru haldnir skemmtanir á sal skólans þar sem nemendur komu fram, sungu, léku á hljóðfæri og voru með tískusýningu. 10. bekkingar voru með kaffisölu í fjáröflunarskyni. Sýningin í morgun var afar vel sótt af foreldrum.

Myndirnar sýna hluta af afrakstri þemavikunnar í morgun.



## Syngjandi jól í Hafnarborg 5. desember

Árleg jólasöngskemmtun kóra í Hafnarfirði verður haldin í Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, laugardaginn 5. desember. Dagskráin stendur frá kl. 9.40-18.40 og þennan sama

dag verður *Jólaþorpið* opið.

Kórar grunnskólanna í Hafnarfirði syngja sem hér segir:

- Áslandsskóli:  
- Yngri kór kl. 11-11.20.



VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is>



## Skólaþróun

- Eldri kór kl. 11.20-12.40.
  - Hvaleyrarskóli:  
- Kór kl. 13.40-14.
  - Lækjarskóli:  
- Kór kl. 12.40-13.
  - Setbergsskóli:  
- Kór kl. 13.20-13.40.
  - Öldutúnsskóli:  
- Yngri kór kl. 12-12.20.  
- Eldri kór kl. 12.20-12.40.
- Auk kóra grunnskólanna syngja einnig kórar frá nokkrum leikskólum, kirkjusöfnum og aðrir kórar í Hafnarfirði. Nákvæm tímadagskrá allra kóranna verður sett á vef Hafnarfjarðar síðari hluta næstu viku.

*Syngjandi jól* eru samstarfsverkefni Skólaskrifstofu, Hafnarborgar og skrifstofu ferða- og menningarmála hjá bænum - í tengslum við *Jólaþorpið* á Thorsplani.



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

Hafnarfjarðar

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

» Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember sl. Tílefið var stuðningur Skólaskrifstofu við það að nemendur í grunnskólum í Hafnarfirði fengu sem mest íslenskt málumhverfi í tölvukennslu, m.a. að MSOffice skrifstofuvöndullinn er notaður í íslenski þýðingu í skólunum.

### Landafræði tónlistarinnar

Framandi tónlist og menning ýmissa landa



» Frá Námsgagnastofnun: Nýr vefur, **Landafræði tónlistarinnar**, var opnaður hjá Námsgagnastofnun fyrir stuttu. Vefurinn fjallar um tónlist og menningu víða um heim gegnum miðlun í tónlist. Tvö lönd eru sérstaklega kynnt í byrjun, Kít og Túnis, en löndum mun fjölga síðar. Slóðin er: [http://www.nams.is/landafr\\_tonlistar/index.html](http://www.nams.is/landafr_tonlistar/index.html)

Myndirnar voru teknar á sýningunni í Hraunvallaskóla í morgun.



## Símenntun sem þekking á lögum og reglum

Ný lög um grunnskóla voru sett árið 2008. Þau kváðu á um að margvíslegar reglugerðir kæmu út í kjölfar laganna. Margar reglugerðir eru komnar út og hafa þær verið kynntar í fræðsluráði jafnóðum og útgáfa þeirra hefur verið ljós.

Hér verður bent sérstaklega á eina reglugerð og fjallar um meðferð persónuupplýsinga í grunnskólu (nr. 897 frá 2009). Þar er sérstaklega tekið á meðferð og miðlun persónuupplýsinga um nemendur og rétt foreldra til aðgangs að upp-

lýsingum um börn sín. Reglurnar kveða á um miðlun upplýsinga um börn á leikskólum til grunnskóla þegar þau hefja þar nám og milli grunnskóla ef nemendur flytjast milli skóla, s.s. greiningargögn. Sömuleiðis er fjallað um meðferð prófaupplýsinga og upplýsingajöf vegna nemenda grunnskóla þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla. Meginreglan í reglugerðinni er réttur skóla að fá upplýsingar um nemendur sem þegar eru til í skólakerfinu og skylda foreldra að veita þær upplýsing-

## Símenntun

ar og miðlun þeirra milli skóla og skólastiga. Skólar eiga því rétt á að fá allar upplýsingar frá foreldrum er varða nám og velferð barna þeirra sem ætla má að sé mikilvægt að skólar viti af. Þá er sérstaklega lögð áhersla á þagnarskyldu starfsfólks skóla um persónulega hagi nemenda og vönduð vinnubrögð í skólastarfi við öflun, miðlun og varðveislu persónuupplýsinga. Reglugerðin tekur mið af ýmsum lögum um persónuvernd og barnavernd.

Eitthvað til að kynna sér nánar?

**VEFSLÓÐ:** <http://www.menntamalaraduneyti.is>

## Námskeið í næstu viku

**Fimmtudagur 3. desember:**

- Námskeið 704, **PMT-grunnenntun** á Skólaskrifstofunni kl. 9-15.45.

**Föstudagur 4. desember:**

- Námskeið 704, **PMT-grunnenntun** á Skólaskrifstofunni kl. 9-15.45.

Framhaldstímar í PMT-grunnenntun verða síðan 21. og 22. janúar og lýkur þá 60 klst. grunnnámi þeirra 20 starfsmanna í leik- og grunnskólum sem eru í náminu í vetur. Önnur námskeið hefjast í febrúar.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)

**FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU HAFNARFJARÐAR: SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLA**

## Tilkynning vikunnar

Námskeiðum á haustönn lýkur með grunnenntunarnámskeiðstímum í næstu viku. Öðrum námskeiðum er lokið. Í janúar er að grunnenntunarnámskeið PMT en önnur námskeiðo hefjast í febrúar. Síðari hluta janúarmánaðar kemur út nýr námskeiðsbæklingur.

**Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 4. desember 2009.**